

## 6. gr.

Gjald fyrir uppsetningu mælis skal vera kr. 1 500.00 pr. mæli. Mælaleiga skal vera sem hér segir:

40 mm mælir og minni .....	kr.	500.00	pr.	ár
50 mm mælir .....	—	800.00	—	—
80 mm mælir .....	—	1 000.00	—	—
100 mm mælir .....	—	2 000.00	—	—

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Akraness nr. 34 31. janúar 1969.

*Félagsmálaráðuneytið, 2. marz 1972.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

**REGLUGERÐ**

**um breyting á reglugerð fyrir Vatnsveitu Borgarness  
nr. 91 26. maí 1971.**

## 1. gr.

18. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Vatnsskattur fellur í gjalddaga 15. janúar ár hvert og ber að greiða skattinn til skrifstofu hreppsins. Hreppsnefnd getur þó ákveðið að innheimta skattinn á fleiri gjalddögum. Þar sem aukavatnsskattur er greiddur, er heimilt að greiða skattinn á 4 gjalddögum, í lok hvers ársfjórðungs eftir nánari ákvörðun sveitarstjóra. Vatnsskatt má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveðrétti í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Borgarneshrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 6. marz 1972.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*